

KIRKJUGARÐARÁÐ

100. fundur haldinn mánudaginn 12. nóvember 2012 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð. Smári Sigurðsson boðaði forföll.

Gestir fundarins voru: Helga Kristinsdóttir formaður sóknarnefndar og Hermann Larsen gjaldkerfi f.h. Kirkjugarða Húsavíkur.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00.

2. Mállefni Kirkjugarða Húsavíkur

Helga Kristinsdóttir og Hermann Larsen kynntu húsbygginguna/þjónustuhús sem hefur valdið fjárhagslegum erfiðleikum. Hrunið, verðbólga og takmarkaðir tekjumöguleikar vegna leigu á sal hafa átt þátt í fjárhagsvandræðum v. hússins. Kirkjugarðaráð ráðlagði þeim að aðgreina rekstur útfararþjónustu og kirkjugarðs.

3. Norrænn fundur NFKK í Stokkhólmi

Þórsteinn Ragnarsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson kynntu.

4. Óveðursskemmdir í kirkjugörðum í haust

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Hann hefur farið um landið og kynnt sér aðstæður eftir óveðrið. Skemmdir urðu m.a. í garðinum á Skútustöðum, trén frusu og brotnuðu. Það gætu komið styrkumsóknir vegna þessa.

5. Fundargerðir Kirkjugarðaráðs 1-100

Framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs kynnti.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 10. desember kl. 13:00. Umræða um kirkjugarðafrumvarpið og kynning á Kirkjugarðaráði.

7. Önnur mál

Fornleifavernd ríkisins ætlar að hreinsa þrjá legsteina í Hólavallagarði. Kristín Huld mun senda Þórsteini erindi um málið.

Fundi slitið kl. 15:15.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari